

## 35.fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 05.06 2012 kl. 13.30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Einnig eru mætt endurskoðandi sveitarfélagsins Sigurður Pálsson og Unnur Inga Dagsdóttir bókhaldari Fljótshrepps.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

1. Ársreikningur Fljótshrepps 2011, síðari umræða
2. Óbyggðasafn í Fljótshreppi
3. Skýrsla oddvita
4. Laugarfell  
Verkfundargerð 22.05
5. Miðvangur 6
6. Fjallaskarð
7. Austurbrú ses, þjónustusamningur
8. Gagnagrunnur fyrir Fljótshrepp
9. Bréf
  - a) Fljótshreppshérað dags.18.05
  - b) EBÍ Brunabót dags. 22.05
  - c) Afrit af 2 ályktunum Foreldrafélags Hallormsstaðaskóla til skólanefndar dags. 09.05
10. Umhverfisstyrkir
  - a) Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum
  - b) Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum
11. Fundargerðir
  - a) Byggingarnefnd Fljótshrepps 24.05
  - b) Héraðsskjalasafnið 09.05
  - c) HAUST 09.05
  - d) Dvalarheimili aldraðra 15.05, ásamt húsaleigusamningi og ráðningarsamningi
  - e) Minjasafn Austurlands 04.05, ásamt ársreikningi 2011
  - f) Skólaskrifstofa Austurlands 02.05, ásamt skýrslu Skólaskrifstofu og greinargerð Fljótshreppshéraðs
  - g) Landbótasjóður Fljótshrepps 12.02 og 15.03
12. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs
13. Önnur mál

#### 1. Ársreikningur Fljótshrepps 2011, síðari umræða

Endurskoðandi skýrði ársreikning og fór yfir ýmis atriði er vörðuðu einstaka liði, einnig kynnti hann endurskoðunarskýrslu. Að því búnu bar oddviti reikninginn upp og var hann samþykktur samhljóða og undirritaður.

Helstu niðurstöðutölur í þús.kr:

Rekstartekjur A og B hluta	157.494,-
Rekstargjöld A og B hluta	127.976,-
Afskriftir A og B hluta	21.621,-

Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	6.095,-
Rekstarniðurstaða	13.992,-
Eignir samtals	891.182,-
Skuldir og skuldbindingar samt.	55.304,-
Handbært fé í árslok	143.510,-

*Sigurður og Unnur Inga yfirlit fundinn um kl. 14.45*

*Samþykkt að breyta röð dagskrárliða þar sem forsvarsmenn Óbyggðasafns eru ekki mætt til fundar.*

## **2. Skýrsla oddvita.**

Íbúafundur var haldinn í Végarði 3. maí. Þar fjallaði Sigurður Ingi Friðleifsson frá Orkusetri um styrki Orkusjóðs og möguleika á því að Fljótsdalshreppur verði valinn til þátttöku í evrópsku verkefni sem miðar að því að ná fram orkusparnaði. Einnig kynnti Lárus Heiðarsson samantekt sem unnin var um möguleika á lækkun á húshitunarkostnaði í Fljótsdalshreppi.

Á fundinum voru einnig til umræðu sorpmál. Fulltrúar frá Íslenska Gámafélaginu mættu á fundinn og fóru yfir hvaða árangur hefur náðst í að minnka úrgang sem fer til urðunar. Fram kom að ágætur árangur hafi náðst og undir 60% af heimilissorpi úr Fljótsdalshreppi fer nú í urðun. Kynnt var að lífrænt sorp er ekki lengur sótt, heldur er heimilum lögð til moltugerðarlát. Afhentur var bæklingur um moltugerð.

Stofnun Austurlands (Austurbrú ses) var formlega stofnuð á Reyðarfirði 8. maí sl. Skrifað var undir aðildarsamninga og þjónustusamninga sveitarfélaga við stofnunina.

Sama dag fundaði ríkisstjórn Íslands á Egilsstöðum og var sveitarfélögum á Austurlandi gefinn kostur á að koma á framfæri við ríkisstjórnina áherslumálum. Oddviti og varaoddviti sátu fundinn og ræddu þar stjórnarfyrrkomulag Vatnajökulshrepps og staðsetningu skógræktarmála innan Stjórnarráðs Íslands.

Dagsetning heyskaparverkefnis Minjasafnsins (fornir heyskaparhættir) er 5. júlí.

Náttúrustofa Austurlands hvetur sveitarfélög og búnaðarsambönd á Austurlandi þar sem hreindýr ganga til að bæta sér fyrir bættri umgengni og minnir á að ónýtar girðingar, símavír og fleira drasl getur verið hreindýrum hættulegt.

Viðmiðunardagur kjörskrár vegna forsetakosninga er 9. júní. Sveitarfélögum berast kjörskrárstofnar 14. júní og þarf sveitarstjórn að yfirfara þá og leggja fram fyrir kosningar.

Umhverfisráðuneytið áformar hátíðarsamkomu í tilefni af degi íslenskrar náttúru 16. september.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur túlkað nokkur álitæfni er lúta að skiptingu skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. Álitid er birt á vef ráðuneytisins.

Heilbrigðisstofnun Austurlands er að vinna að því að gefa út vandaðan upplýsingabækling til kynningar á HSA. Óskað er eftir samvinnu við sveitarfélög á svæðinu.

Vegagerðin vísar til sveitarfélaga að hlutast til um að viðhaldi girðinga meðfram þjóðvegum sé sinnt og minnt á að árlegu viðhaldi á að vera lokið 30. júní ár hvert. Vegagerðin tekur þátt í kostnaði við viðhald eftir ákveðnum reglum.

Í tengslum við endurskoðun ársreikninga undirritaði oddviti ráðningarbréf við Deloitte og bréf um almenna viðskiptaskilmála. Einnig var óskað skriflega eftir við viðskiptabanka sveitarfélagsins að afhentar væru þær upplýsingar sem endurskoðunarfyrtækið óskaði eftir.

ÚÍA sendi til kynningar í sveitarstjórnnum tillögur ársþings ÚÍA 2012 og ársskýrslu sambandsins.

Á vegum ESB er boðið upp á námsferð fyrir evrópskt sveitarstjórnarfolk. Markmið ferðarinnar er að kynna byggðastefnu ESB og aðkomu sveitarstjórnarstigsins að henni. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og æðstu embættismenn sveitarfélaga geta sótt um þátttöku. ESB ber allan kostnað af þátttöku.

Ungu fólki á aldrinum 16-20 ára er boðið upp á sumardvöl/námsskeið. Þemað er lýðræði á margvíslegan hátt. Auk Íslands koma þátttakendur frá 3 öðrum evrópulöndum. Verkefnið hefur hlotið styrk frá Evrópu unga fólksins. Þátttökugjald er kr. 15.000,- og skráning fer fram á netfanginu [gagn.gaman@gmail.com](mailto:gagn.gaman@gmail.com)

Oddviti vann umsögn um frumvarp um loftlagsmál í samráði við sveitarstjórn, gerð var athugasemd við frumvarpið hvað varðaði eignarhald losunarheimilda sem tengjast bindingu kolefnis vegna nytjaskógræktar.

Vegna breytinga á stýringu verkefna á vegum SSA hefur Björn Hafþór Guðmundsson framkvæmdastjóri SSA látið af störfum. Dagleg umsýsla málefna SSA hefur færst yfir til nýrrar stöðstofnunar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið þau boð út ganga að fjármálaráðstefna sveitarfélaga verði haldin fyrir í ár en verið hefur þ.e. dagana 27.-28. september n.k.

Við afhendingu ríkisins á eignarhluta í skólum yfir til sveitarfélaga hefur komið upp vandamál varðandi Hallormsstaðaskóla. Skólaíbúðir og skólahúsnaði er allt á einu fasteignanúmeri, en ríkið er ekki að afhenda eignarhlut sinn í íbúunum. Stofna þarf ný fastanúmer fyrir íbúðirnar, en að því loknu ætti að vera hægt að yfirfæra hlut ríkisins í skólahúsnaðinu til Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs.

Oddviti og Lárus mættu á fund sem forsætisráðuneytið boðaði til á Egilsstöðum 23. maí. Umræðuefni var stjórnsýsla og fleira sem snýr að þjóðlendum. Jón Jónsson lögmaður hefur nefnt í því samhengi nokkur álitæfni s.s. um hver skuli vera verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi lóðastofnanir í þjóðlendum.

Saman –hópurinn hvetur fjölskyldur til samveru í sumar.

Verið er að endurprenta svonefndan Fljótsdalsbækling.

Einhver seinkun verður á að verkefni um landamerkjaskráningar ljúki, en fastlega gert ráð fyrir að lok verði í sumar.

Vegagerðin hefur tekið saman yfirlit yfir vegaframkvæmdir fjármagnaðar af Fljótsdalshreppi 2007-2011

Uppsetning eldhúsgáms við gistihús við Végarð stendur yfir og á að vera hægt að taka eldhúsið í notkun innan skamms.

5 unglingar í sveitinni á aldrinum 12-15 ára hafa sótt um í vinnuskólann/unglingavinnu.

LV hefur sent skýrsluna LV-2012-064 Áhrif gruggs á vatnalífríki Glúmsstaðaár og Hrafnkelssár, niðurstaða vöktunar 2011.

Ársskýrsla Vaxtarsamnings Austurlands fyrir árið 2011 hefur borist Fljótsdalshreppi.

Jóhann lagði til að Birni Hafþóri Guðmundssyni verði sendar þakkir fyrir vel unnin störf að sveitarstjórnarmálefnum í fjórðungnum. Samþykkt.

### **3. Laugarfell**

Verkfundargerð 22.05. Kynnt. Samþykkt að fá verktakana sem þar eru að störfum til þess að hólfa hestúsið niður í tvö hólf, þ.e. að annað hólfnið nýtist sem hnakkageymsla, innangengt verði í geymslu en ekki settar nýjar dyr á húsið. Samþykkt að kaupa húsbúnað að andvirði ca kr. 100.000- í Laugarfellsskála samkvæmt beiðni rekstaraðila.

Samþykkt að greiða förgunarkostnað ( gjald sem greitt er þegar sorpi er skilað í sorpstöð Egilsstöðum) á sorpi sem fellur til vegna starfseminnar í Laugarfellsskála í sumar. Rekstraraðili sér um flutning og söfnun sorpsins.

### **4. Óbyggðasafn í Fljótsdal.**

Mætt voru þau Steingrímur Karlsson og Arna Björg Bjarnadóttir til þess að kynna áætlanir um uppbyggingu óbyggðasafns á Egilsstöðum í Fljótsdal. Sveitarstjórn var kynnt kostnaðar- og framkvæmdaáætlun verkefnisins.

Óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna framkvæmda og reksturs.

Opnun safnsins er áætluð árið 2014.

Samþykkt fjárframlag til uppbyggingar á þessu ári kr. 5 millj. árið 2013 kr. 10 millj. samtals kr. 15 millj. Fjármagnið verður tekið af óráðstöfuðu eigið fé og gerður viðauki við fjárhagsáætlun 2012. Tekin verður afstaða síðar til fjárhagstuðnings vegna reksturs.

### **5. Miðvangur 6.**

*Þorvarður vék af fundi vegna tengsla við einn tilboðsgjafa. Lárus tók við fundarritun.*

7 aðilum voru send verðkönnunargögn. Þrjú tilboð bárust og voru þau opnuð á Verkfræðistofu Austurlands 29. maí. Tilboð hafa verið yfirfarin og er niðurstaðan þessi:

Vélsmiðjan Hjalta Einarssonar ehf kr. 13.314.412,-

Timburmenn ehf	kr. 14.495.201,-
HT-hús ehf	kr. 16.660.452,-
Kostnaðaráætlun	kr. 14.310.434,-

Lægstbjóðandi VHE hefur sagt að ef gengið verði til samninga við hann muni hann óska eftir að fá verktíma framlengdan um einn mánuð þannig að verklok yrðu 25 september, í stað 25. ágúst eins og gert var ráð fyrir í verðkönnun. Ákveðið að heimila Verkfræðistofu Austurlands sem sá um verðkönnunina að ræða við Timburmenn ehf sem áttu næst lægsta tilboð um hvort þeir myndi treysta sér að skila verkinu innan settra tímamarka.

**6. Fjallaskarð.** Verkís hefur unnið teikningar og gert kostnaðaráætlun vegna uppsetningar skúra í Fjallaskarði. Samþykkt að gera verðkönnun til valdra aðila og miðað við að framkvæmdum verði lokið 15. sept.

**7. Austurbrú ses, þjónustusamningur.** Kynntur og samþykktur af sveitarstjórn.

*Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis.*

**8. Gagnagrunnur fyrir Fljótsdalshrepp.** Tilboð frá Mannvit um varðveislu og samantekt gagna um línur, lagnir og byggingar í sveitarfélaginu. Samþykkt að vísa erindinu til næstu fjárhagsáætlunargerðar, sem mögulegu verkefni næsta árs.

*Jóhann kom aftur til fundar.*

## 9. Bréf

- Fljótsdalshérað dags.18.05. Svarbréf við erindi Fljótsdalshrepps vegna ákvæða nýrra sveitarstjórnarlaga um sveitarfélagamörk. Samþykkt að fela oddvita að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Fljótsdalshéraðs til þess að fara yfir málin.
- EBÍ Brunabót dags. 22.05. Kynnt. Varðar styrktarsjóð EBÍ.
- Afrit af 2 ályktunum Foreldrafélags Hallormsstaðaskóla til skólanefndar dags. 09.05. Kynnt.

## 10. Umhverfisstyrkir

- Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur. *Lárus vék af fundi.*
- Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur. *Lárus kom aftur til fundar.*

## 11. Fundargerðir

- Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 24.05. Byggingarnefnd samþykkti af sinni hálfu stöðuleyfi fyrir eldhúsgám við gistihús við Végarð. Fundargerðin staðfest.
- Héraðsskjalasafnið 09.05. Kynnt.
- HAUST 09.05. Kynnt.
- Dvalarheimili aldraðra 15.05, ásamt húsaleigusamningi og ráðningarsamningi. Kynnt.
- Minjasafn Austurlands 04.05, ásamt ársreikningi 2011. Kynnt.
- Skólaskrifstofa Austurlands 02.05, ásamt skýrslu Skólaskrifstofu og greinagerð Fljótsdalshéraðs. Stjórn Skólaskrifstofunnar óskar eftir að

forstöðumaður fái heimild til þess að ráða sálfræðing tímabundið til að ná niður biðlistum eftir sálfræðimeðferð fyrir börn og ungmenni. Sveitarstjórn samþykkir það fyrir sitt leiti. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með starfsemi Skólaskrifstofu Austurlands og það fyrirkomulag sem er til staðar. Greinargerð Skólaskrifstofu „Sérfræðipjónusta fyrir austfirsk börn, ungmenni og skóla“ og greinargerð Fljótsdalshéraðs er vísað til umfjöllunar í skólanefnd Hallormsstaðaskóla.

g. Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 12.02 og 15.03. Kynntar.

**12. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.** Gunnþórunn Ingólfisdóttir kosin oddviti til eins árs. Jóhann Fr. Þórhallsson kosinn varaoddviti til eins árs.

### 13. Önnur mál.

*Lárus vék af fundi vegna vanhæfis.*

- a) Sigríður Björnsdóttir fyrir hönd Handavinnufélags í Fljótsdal sækist eftir stuðningi við spunanámskeið sem haldið verður á árinu. Sveitarstjórn samþykkir að greiða námskeiðsgjald fyrir íbúa sveitarfélagsins og leggja til húsnæði fyrir námskeiðið.
- b) Kolbeinn Magnús Lárusson sækir um vinnu í vinnuskólanum í sumar. Hann er sextán ára, sem er einu ári eldri en hefðbundinn aldur vinnuskólaunglinganna. Samþykkt að hann fái vinnu.  
*Lárus kom aftur til fundar.*
- c) Lárus mætti fyrir hönd Fljótsdalshrepps á viðburð á Egilsstöðum fyrr í dag og tók þar á móti samvinnuhlutabréfi nr. 2 í B-hluta stofnsjóðs Sláturfélags Austurlands. Upphæð hlutabréfsins er kr. 304.000,-
- d) Þorvarður óskaði eftir að á næsta fundi sveitarstjórnar verði rætt um mál er varða úthlutun á verkkaupum og vinnu sem fellur til á vegum sveitarfélagsins.
- e) Oddviti sagði frá því að hún færi í hálfsmánaðar sumarfrí í byrjun júlímánaðar. Varaoddviti leysir hana af eins og áður. Samþykkt að færa reglubundinn fund sveitarstjórnar sem að öllu jöfnu ætti að vera 3. júlí fram í seinni hluta júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F.Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)